



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Embætti
landlæknis
Directorate of Health



Kæra foreldri/forráðamaður

Okkur þætti vænt um ef þú vildir taka þátt í neðangreindri rannsókn, en þátttaka í henni er liður í að bæta og þróa forvarnastarf bæði í samfélaginu í heild og í skóla barnsins þíns.

Tilgangur þessarar rannsóknar er að **kanna samverustundir foreldra og ungmenna á aldrinum 16-18 ára ásamt viðhorfum foreldra til áhættuhegðunar ungmenna s.s. áfengis- og vímuefnaneyslu**. Rannsóknin er unnin af rannsakendum við Háskóla Íslands í samstarfi við SAMAN-hópinn, Embætti landlæknis, Mennta- og menningarmálaráðuneytið og stjórnendur framhaldsskóla. Niðurstöður munu nýtast í forvarnarstarfi þessara aðila og áframhaldandi þróun í skóla barnsins þíns.

Svör þín skipta miklu máli og við vonum að þú svarir af samviskusemi. Öll svör eru ópersónugreinanleg og ekki eru notuð nein auðkenni við söfnunina heldur aðeins órekjanlegur hlekkur inn á öruggt rafrænt spurningalistakerfi. Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar í samræmi við reglur.

Listinn er sendur til forráðamanna ólöggráða nemenda í framhaldsskólum landsins og það tekur um það bil 15 mínútur að svara honum. Við hverri spurningu eru nokkrir svarmöguleikar og þú velur einn eða fleiri í samræmi við leiðbeiningar sem gefnar eru með spurningunum. Athugaðu að nauðsynlegt er að svara öllum spurningum (gefinn er valkostur á að merkja við veit ekki /vil ekki svara) til þess að geta lokið listanum. Ef spurning gleymist kemur upp gulur reitur utan um þá spurningu sem gleymdist að gefa svar við og hægt er að halda áfram með listann um leið og spurningunni er svarað. Við biðjum þig að svara öllum spurningum eftir bestu getu og ef þú átt fleira en eitt ólöggráða ungmenni er óskað eftir því að svör þín miðist við það ungmenni sem er á fyrsta ári í framhaldsskóla. Ef þér finnst enginn svarmöguleiki í einhverri spurningu eiga nákvæmlega við um þig, merktu þá við þann svarmöguleika sem þér finnst komast næst þinni skoðun/upplifun. Ef þér finnst einstakar spurningar óþægilegar eða of nærgöngular mátt sleppa því að svara með því að merkja við valkostinn "vil ekki svara" þar sem við á.

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi spurningalistann skaltu leita aðstoðar hjá undirritaðri í gegnum tölvupóst heh38@hi.is eða síma 525 5327 á vinnutíma.

Ábyrgðaraðili rannsóknarinnar er Dr. Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, annaso@hi.is, sími 525 5327.

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna
Hrafnhild Eir

Til að hefja þátttöku smellir þú á hlekkinn:

https://icelandedu.eu.qualtrics.com/SE/?SID=SV_0UFpnCku72VbRZ3